

Árið 2002 þriðjudaginn 1. október kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman kl. 1.30 til 4. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Árni Dan Ármannsson Túngötu 21 Grenivík sækir um leyfi fyrir breytingu á þaki á bílskúr, sem er sambyggður íbúðarhúsi að Túngötu 21. Sett verði einhalla þak sem kemur samsíða þaki á suðurhlið íbúðarhússins, í stað slétts þaks eins og var á áður samþykktum teikningum. Meðfylgjandi teikningar eru frá Opus teikni&verkfræðistofu verk nr. 020402.

Samþykkt.

2. Tekið fyrir mál að Sólheimum 1 Svalbarðsströnd, í framhaldi af fundi byggingarnefndar frá 17. sept. s.l. (sjá fundargerð).

Byggingarfulltrúi upplýsti, að föstud. 20. sept. hefði hann mætt að Sólheimum 1, ásamt byggingarstjóra Páli Alfreðssyni og hönnuði frá Opus teikni-&verkfræðistofu Þresti Sigurðssyni. Var þar farið yfir stöðu mála og ákveðið að hönnuður og byggingarstjóri gerðu ráðstafanir til að byggingin yrði færð til samræmis við samþykktar teikningar, eða hönnunargögnum hugsanlega breytt og þau lögð fyrir byggingarnefnd að nýju.

Ekki hafa borist nein ný hönnunargögn, eða byggingarstjóri óskað eftir úttekt hjá byggingarfulltrúa þar sem byggingin hafi verið færð til samræmis við samþykktar teikningar.

Það er niðurstaða byggingarnefndar að byggingunni sé stórkostlega áfátt um verklegan frágang og í miklu ósamræmi við framlagðar teikningar og því ekki séð að hún verði úttektarhæf með hliðsjón af fyrirliggjandi hönnunargögnum.

Með vísan til 1. mgr. 56. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. er byggingarfulltrúa falið að stöðva umrædda framkvæmd með formlegum hætti.

3. Byggingarfulltrúi skýrði nefndinni frá byggingarframkvæmdum við Jólagarðinn í Eyjafjarðarsveit. Ýmsir þeir annmarkar hafa komið í ljós á byggingarstaðnum, eftir að framkvæmdir hófust, sem ástæða virðist til að taka til skoðunar m.a. af eftirfarandi ástæðum:

- a. gert var ráð fyrir að grafið yrði undan syðri langhlið núverandi húss í þeim tilgangi að koma einum vegg viðbyggingarinnar, sem að mestu leyti er neðanjarðar, undir langhliðina. Við það hrundi mikið undan húsinu og það færðist lítillaga til. Á tímabili var jafnvel talin hætta á að það kynni að fall ofan í grunninn. E.t.v. hefði mátt koma í veg fyrir þetta hrun ef strax hefði verið brugðist við, þegar ljóst var við gröft hvernig jarðvegurinn var undir húsinu.
- b. eldra húsið er byggt á flotgrunni. Gera má ráð fyrir að grunnvatnsstaðan undir eldra húsinu muni lækka vegna nýbyggingarinnar. Eldra húsið kynni þá að síga.
- c. þar sem byggja á undir aðra langhlið eldra hússins er hætt við að þetta sig verði ójafnt og að húsið fari að halla.

Miðað við framanskráð felur byggingarnefnd byggingarfulltrúa að kanna gaumgæfilega hvort þörf er séstakra aðgerða í máli þessu og hrinda þeim þá í framkvæmd eins fljótt og auðið er.

4. Þróstur Sigurðsson sækir um fyrir hönd sveitarstjórnar Hörgárbyggðar, að endurnýja og breyta flötu þaki og þakkanti á félagsheimilinu Hlíðarbæ Hörgárbyggð samkvæmt teikningu frá Ópus teikni-&verkfræðistofu.  
Samþykkt.

5. Erindi frá Sigurði P. Högnasyni listmálara. Hann sækir um leyfi fyrir byggingu vinnustofu að Austurvegi 26 Hrísey samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Haraldi Árnasyni verk nr. 02-1209.  
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið, kl. 6 síðdegis.

Hreiðar Hreiðarsson  
Kristján Kjartansson  
Hermann Jónsson

Bragi Pálsson  
Jósavin Gunnarsson